

**28. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn 1.september 2011, kl. 14:47 á skrifstofu FSÍ.**

**Mættir eru:** Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Birna Björnsdóttir, varaformaður, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri, Sólveig Jónsdóttir, almannatengslafulltrú, Gunnar Sigurðsson varamaður og Hrund Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri. Ragnheiður boða forföll.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá er eitt mál:

**1. Heimsmeistaramótið í áhaldafimleikum. Tokyo 1.-17. október 2011**

Málið áður á dagskrá 24., 25. og 26.fundar. Tækninefnd karla sendi bréf 29.ágúst 2011, dagsett 27.ágúst 2011, tilnefning þriðja keppenda karla á Heimsmeistaramót 2011:

*Tækninefnd í áhaldafimleikum karla FSÍ tilnefnir Bjarka Ásgeirsson til þátttöku á HM 2011.*

*Aðrir áður tilnefndir keppendur eru þeir Viktor Kristmannsson og Róbert Kristmannsson.*

Málið rætt. Tilnefning tækninefndar samþykkt.

Stjórn fer þess á leit við verkefnastjóra að hann fái staðfestingu skriflega frá öllum keppendum/þjálfurum um æfinga- og keppnisplan fram að Norður Evrópumót.

Stjórn fer þess á leit við verkefnastjóra að hann setji upp samæfingar landsliðanna fram að Norður Evrópumót í samvinnu við tækninefndir.

Fundargerð ritar Hrund Þorgeirsdóttir í fjarveru Ragnheiðar.